

Viðauki II

Stöðugreining

Stöðugreining er unnin áður en tekin er ákvörðun um hvort samstarf verði hafið í byggðarlagi undir hatti verkefnisins Brothættar byggðir. Nýta má ýmsar greiningaraðferðir en sem dæmi má benda á svokallaða PESTLE-greiningu þar sem horft er á ytri og innri áhrif eftir málaflokkum.

Stöðugreining þarf að lágmarki að innihalda eftirfarandi atriði:

1) Þróun síðustu ára og núverandi staða:

- Breyting lýðfræðilegra þátta síðastliðin 15 ár
 - Fjöldi íbúa eftir kyni.
 - Aldurstré eftir kyni (0-4, 5-9, 10-14,85-89 og 90 ára og eldri) í upphafi og lok tímabils.
 - Fjöldi brottfluttra og aðfluttra hvert ár (eftir kyni ef mögulegt er).
- Fjöldi íbúa á vinnusóknarsvæði.
- Staða í atvinnumálum og helstu breytingar síðustu ára.
- Fjárhagsstaða sveitarfélags (heildarskuldir samstæðu/heildar árstekjur samstæðu).
- Meðalútsvarsstofn á íbúa í sveitarfélagi, þróun síðustu fimm ára.
- Framboð þjónustu (opinberrar og einkarekinnar) og helstu breytingar síðustu ára.
- Staða í húsnæðismálum, svo sem framboð á húsnæði til kaups eða leigu.
- Umfjöllun um sérstöðu byggðarlags (það helsta sem einkennir byggðarlagið varðandi umhverfi, efnahag og samfélag og greinir það frá öðrum byggðarlögum).

2) Spá um þróun ofangreindra þátta næstu fimm ára ef svo fer fram sem horfir

Í spánni er leitast við að varpa ljósi á helstu þætti er varða framtíð byggðarlagsins, svo sem íbúafjölda, kynja- og aldersdreifingu, stöðu í atvinnumálum og þjónustu.

Mjög mikilvægt er að gera grein fyrir helstu forsendum sem liggja til grundvallar spánni. Sem dæmi má nefna lagaumhverfi og starfsskilyrði helstu atvinnuvega, væntingar í efnahagsmálum, spár í ferðþjónustu og svo framvegis.

3) Áherslur í opinberum áætlunum er varða hagsmuni byggðarlags

Tekið saman yfirlit yfir meginatriði opinberra áætlana sem kunna að varða byggðarlagið, meðal annars byggðaáætlunar, sóknaráætlunar, aðalskipulags, svæðaskipulags, samgönguáætlunar, verndaráætlana, jafnréttisáætlunar og fjarskiptaáætlunar (athugið að listinn er ekki tæmandi en ræðst af aðstæðum í hverju byggðarlagi). Mælt er með að m.a. eftirfarandi sé haft í huga:

- Gerð er grein fyrir meginmarkmiðum og forgangsroðun málaflokka í ofangreindum áætlunum og öðrum þeim áætlunum sem teljast hafa snertifleti við hagsmuni í byggðarlaginu.
- Dregin fram önnur atriði viðkomandi áætlana sem hafa sérstaka þýðingu fyrir byggðarlagið.